

A 1915/UKK

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um að bæta samstarf á milli lýðháskóla Norðurlöndum

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að bæta samstarf á milli lýðháskóla á Norðurlöndum til að efla norrænu tungumálin, menningu og lýðræði

Bakgrunnur

Lýðháskólar eiga rætur sínar að rekja til Danmerkur en hafa breiðst til annarra landa á Norðurlöndum. Tilgangur lýðháskóla er almenn menntun og lýðfræðsla þar sem venjulegt fólk fær innsýn í það sem gerir þátttöku í samfélaginu mögulega.

Löng hefð er fyrir lýðháskólum á Norðurlöndum en þeir hafa verið starfræktir hér í yfir 170 ár. Við á Norðurlöndum eigum sameiginleg ýmis gildi og lífsskoðanir, þar á meðal um lýðræðislegt samfélag, en víða um heim má sjá að alræði og einræði eins flokks verður æ algengara. Sjálfbær þróun og baráttan fyrir grænni heimi er sömuleiðis málaflokkur þar sem við þurfum að standa saman til að ná sem bestum árangri. Þá felst í hinum norrænu tungumálum tenging sem við verðum að standa vörð um. Við Norðurlandabúar eigum því samleið á mörgum sviðum. Allt er þetta mikilvægt í sambandi við framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims.

Skilningur á norrænum tungumálum er vandamál meðal ungs fólks sem í æ ríkari mæli grípur til ensku í samskiptum sínum við annað ungt fólk á Norðurlöndum þrátt fyrir að ungt fólk sé áhugasamt um norrænu málin. Með auknu samstarfi á milli norrænna lýðháskóla getum við kynnst menningu hvers annars betur og um leið aukið tungumálaskilninginn.



Sem lið í auknu samstarfi norrænna lýðháskóla leggur flokkahópur miðjumanna til að komið verði á fót skiptikerfi fyrir jafnt nemendur sem starfsfólk lýðháskólanna. Slíku kerfi er ætlað að auðvelda nemendum að sækja menntun við lýðháskóla í öðru norrænu landi, bæði með viðveru og með rafrænum hætti. Slíkt veitir tækifæri til að tileinka sér þekkingu á sögu, tungumáli og bókmenntum hinna landanna.

Í gegnum skiptikerfið eiga kennarar við lýðháskólanna einnig að geta stundað kennslu við aðra lýðháskóla á Norðurlöndum. Þannig gæti sænskur háskólakennari haldið til Noregs og til dæmis kennt þar sænskar bókmenntir, tónlist eða leiklist.

Styrkir Norrænu ráðherranefndarinnar voru margir og margvíslegir fram til ársins 2004 þegar Nordplus-áætlunin og fimm undiráætlanir leystu þá af hólmi. Fram að þeim tíma veitti Norræna ráðherranefndin tvenns konar styrki til norrænna lýðháskóla:

- Verkefnastyrki, samtals 4 m. DKK, sem lýðháskólar, lýðháskólasamtök og námsflokkar gátu sótt um til norrænna eða norrænna-baltneskra verkefna.
- Styrki, samtals 1,8 m. DKK, sem nemendur gátu sótt um til náms við lýðháskóla í öðru norrænu landi. Styrkirnir áttu að koma til móts við aukakostnað vegna mishárra gjalda norrænna lýðháskóla fyrir fæði og húsnæði og ferðakostnað.

Á árunum 1998-2003 sóttu 400-500 nemendur um styrkinn árlega, þar af fengu um 300 styrk.

Frá árinu 2004 var lýðháskólanemum og lýðháskólasamtökum bent á að sækja um hjá Nordplus Voksen. Lýðháskólanemar geta sótt um hreyfanleikastyrk úr Nordplus Voksen, en krafan er að um skipulögð skipti sé að ræða milli tveggja lýðháskóla. Einstaklingur sem hefur hug á lýðháskólavist í öðru norrænu landi verður fyrst að fá vist á lýðháskóla í heimalandinu. Að því loknu verður hann að hvetja viðkomandi lýðháskóla og vonast til að hann sæki um styrk hjá Nordplus Voksen til skipta við lýðháskóla í öðru norrænu landi. Einstaklingur sem hefur hug á lýðháskólavist í öðru norrænu landi getur því ekki sótt um styrk hjá Nordplus Voksen vegna aukakostnaðar sem námið hefur í för með sér. Nordplus Voksen er fyrst og fremst hugsað fyrir samskipti stofnana en ekki fyrir nám einstaklinga við lýðháskóla í öðru norrænu landi.

Norræna lýðháskólaráðið fékk tillöguna til umsagnar og styður hana í heild sinni. Einkum fagnar Norræna lýðheilsuráðið möguleikanum á kennaraskiptum á milli norrænna lýðháskóla. Skiptinám nemenda er jafnframt mikilvægt og ber að stuðla að því. Kennaraskipti fela í sér tækifæri til þess að bæta norrænni vídd við kennslu í lýðháskólum með umtalsvert minni fyrirhöfn.

Norðurlandaráð leggur til við Norrænu ráðherranefndina að samstarf norrænna lýðháskóla verði snaraukið. Þannig öðlumst við betri þekkingu á nágrannalöndum



okkar og því sem á sér stað í mismunandi greinum og fagsviðum. Um leið stuðlar þetta að því að við tryggjum að við getum átt samskipti hvert við annað á norrænum málum í framtíðinni.

Sjónarmið nefndarinnar

Árið 2019 beindi Norðurlandaráð þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún gerði norrænum lýðháskólanemum fært að sækja persónulega um styrk úr Nordplus Vuxen fyrir aukakostnaði vegna fulls náms við lýðháskóla í öðru norrænu landi. Í svari sínu við tilmælunum skrifaði Norræna ráðherranefndin: *Með vísan til þess hvernig tilgangur Nordplus er skilgreindur telur Norræna ráðherranefndin ekki rétt að svo stöddu að breyta grundvallarreglum áætlunarinnar á þann hátt að nýjum hópum umsækjenda verði heimilað að sækja um styrki á einstaklingsgrundvelli. Breyting af því tagi hefði einnig í för með sér að umsýslukostnaður við áætlunina myndi hækka verulega*

Þegar það lá fyrir Norrænu ráðherranefndinni um menntun og rannsóknir að taka ákvörðun um nýtt áætlunartímabil fyrir Nordplus 2023–2027 var gerð úttekt á áætluninni þar sem fjallað var um spurninguna um hvort nemendur við lýðháskóla ættu að geta sótt um styrki á einstaklingsgrundvelli en úttektaraðilar tóku þó ekki afstöðu til spurningarinnar sjálfir. Í áætlunarskjalinu sem ráðherranefndin samþykkti í kjölfarið voru ekki gerðar neinar breytingar í þá átt að gera einstökum nemendum kleift að sækja um styrki frá Nordplus.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin styður því tillögu flokkahóps miðjumanna um að bæta samstarfið á milli norrænna lýðháskóla með því að koma upp sérstöku styrkjakerfi í tengslum við skiptinám og kennaraskipti. Norræna lýðháskólaráðið og samtök innan landanna gætu haft umsjón með slíku kerfi.

Nefndin telur að þrátt fyrir að norrænir lýðháskólar séu fjölbreyttir sé sameiginlegt markmið þeirra að efla virka borgaravitund og trú á að upplýsing og menntun allra einstaklinga sé undirstaða farsællar þróunar velferðarsamfélagsins.

Lýðháskólar eru að verulegu leyti frábrugðnir öðrum menntastofnunum vegna þess hve frjálisir og óháðir þeir eru og lausir við miðstýrðar námskrár, og að þeir bjóða upp á alþýðumenntun fyrir ungt fólk og fullorðna. Með því að gera fleirum kleift að stunda nám í lýðháskóla í öðru norrænu landi má stuðla að því að auka skilning nemenda á



sameiginlegri sögu og menningu þjóðanna, tungumálum Norðurlandanna, lýðræði og samþættingu.

Stokkhólmi, 24. janúar 2023

Camilla Gunell (ÅSD)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Lars Mejern Larsson (S)

May Britt Lagesen (A)

Catarina Deremar (C)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)

Kathrine Kleveland (Sp)

Mikko Kinnunen (cent)

Outi Alanko-Kahiluoto (gröna)

Niels Flemming Hansen (KF)

Saara-Sofia Sirén (saml)

Ville Kaunisto (saml)

Erling Eidesgaard (Tjóðveldi)

Lotta Johnsson Fornarve (V)

Norrænt frelsi (NF)

Riikka Purra (saf)

Victoria Tiblom (SD)

Helge André Njåstad (FrP)